

**Mál nr. 391/2021****M og  
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðar A og  
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðar B****Árekstur á Sogavegi 2. október 2021.****Gögn.**

Málskot, móttakið 21. október 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 4. nóvember 2021.

Bréf V1, dags. 11. nóvember 2021, ásamt lögregluskýrslu, hraðaútreikningum og niðurstöðu Tjónanefndar í máli 283/21, athugasemdum M og myndum

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð milli bifreiðanna A og B þannig að ökumaður bifreiðar A (M) kveðst hafa ekið út úr bifreiðastæði inn á Sogaveg, stoppað og þá séð bifreið B koma nokkurri ferð og ætlað því að aka aftur inn í bifreiðastæðið þegar bifreið B, sem ekið var eftir Sogavegi hafi ekið á bifreið A. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið eftir Sogavegi og litið af veginum til að stilla útvarpssendi og þegar hann hafi litið upp aftur hafi bifreið A verið í vegi hans og þannig hafi árekstur orðið. Hámarksökuhraði á vettvangi er 30 km/klst og í málinu liggur fyrir skýrsla vegna hraðaútreiknings upp á 41 km/klst hraða bifreiðar B.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinum þar sem bifreiðinni hafi verið ekið allt of hratt miðað við aðstæður og án aðgæslu þar sem hann hafi litið af veginum áður en árekstur varð. M, sem ökumaður bifreiðar A, kveðst hafa gætt að sér og verið að reyna að aka aftur inn í bifreiðastæði til að forða árekstri þegar áreksturinn varð.

V2 telur að skipta eigi sök þannig að ökumaður bifreiðar A beri  $\frac{3}{4}$  hluta sakar fyrir að aka afturábak í veg fyrir umferð og þannig farið gegn fyrirmælum 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 en ökumaður bifreiðar B beri  $\frac{1}{4}$  hluta sakar þar sem hann hafi ekið of hratt og þannig gegn fyrirmælum 3. másl. 1. mgr. 36. gr. sömu laga. V1 telur ökumann bifreiðar B ekki hafa hagað akstri sínum í samræmi við aðstæður og eigi þannig að bera ábyrgð á árekstrinum að fullu eða að hluta.

**Álit.**

Í 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 kemur frá að tjón af árekstri ökutækja skiptist á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Þegar litið er til þeirra gagna sem liggja fyrir um aðdraganda áreksturs bifreiðanna A og B verður ekki litið framhjá því að sérstök aðgæsluskylda hvíldi á ökumanni bifreiðar A vegna aksturs afturábak, sbr. 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. M, sem ökumanni bifreiðar A bar því að veita umferð um Sogaveg forgang og athuga að aka ekki afturábak nema það væri óhætt vegna umferðar þar um. Ber hann því nokkra sök á árekstrinum. Þegar litið er hins vegar til skýringa ökumanns bifreiðar B á aksturslagi hans, bæði að hann hafi verið að stilla útvarpssendi og lýsingar af hraðakstri verður ekki hjá því litið að ökumaður bifreiðar B beri einnig nokkra sök á árekstrinum. Með hliðsjón af þessu verður sök skipt til helminga þannig að báðir ökumenn beri helmingsábyrgð á tjóni vegna áreksturs bifreiðanna A og B.

**Niðurstaða.**

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiðanna A og B.

Reykjavík, 14. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.